
HÍ
RÁÐSTEFNA NÁMSBRAUTAR Í TÓMSTUNDAFRÆÐI
MIKILVÆGIR AÐRIR Í LÍFI FÓLKS - 25 ÁRA AFMÆLI NÁMSLEIÐAR
27. mars
Kl. 09.30 - 14.30
SAGA, Stofa S-114
VERIÐ ÖLL VELKOMIN


Tómstundadagurinn
2026
AÐ EFLAST SEM TÓMSTUNDA- OG FÉLAGSMÁLAFRÆÐINGUR Í STARFI MEÐ JAÐARSETTUM UNGMENNUM
Melkorka Assa Arnardóttir
Meistari í tómstunda- og félagsmálafræði
Föstudaginn 27. mars
Klukkan 9.30 - 14.30
Sögu - Menntavísindasviði Háskóla Íslands

# Að eflast í starfi sem tómstunda- og félagsmálafræðingur með jaðarsettum ungmennum - Starfendarannsókn

Melkorka Assa Arnardóttir

DEILD HEILSUEFLINGAR, ÍÞRÓTTA OG TÓMSTUNDA

# Hvers vegna þessi rannsókn?

- Ég lærði nýja og áhugaverða rannsóknaraðferð
  - Starfendarannsókn – að rannsaka eigin starfshætti
- Ég var í fyrsta skipti í hlutverki leiðbeinanda í ungmennskiptaverkefni
  - Óvænt aukinn ábyrgð í starfi
- Markmið rannsóknarinnar:
  - Er að varpa ljósi á aðstæður tómstunda- og félagsmálafræðinga sem starfa með jaðarsettu ungu fólki í ungmennaskiptaverkefnum.
- Tilgangur rannsóknarinnar:
  - Er að skapa rými og fjölga tækifærum fyrir jaðarsett ungmenni til þátttöku í skipulögðu tómstunda- og hópastarfi.
- Rannsóknarspurning rannsóknarinnar:
  - **Hvernig skapa ég sem tómstunda- og félagsmálafræðingur aðstæður fyrir jaðarsett hinsegin ungmenni til þátttöku í skipulögðu tómstundastarf?**

# Fræðilegur bakrunnur rannsóknarinnar

- Inngilding hinsegin ungmenna í skipulögðu tómstundastarfi
  - Í skipulögðu tómstundastarfi á Íslandi er unnið að því að efla lýðræðisvitund barna og ungmenna og skal starfið vera byggt á félags-, forvarnar-, uppeldis- og menningarlegum gildum (Æskulýðslög, 70/2007).
  - Hinsegin tómstundastarf er sértækt starf þar sem hinsegin ungmenni koma saman og fá tækifæri til að vera þau sjálf í öruggu umhverfi sem er leitt af fagfólki þar sem hinseginleikanum er fagnað (Macfarlane og Mackie, 2025; Reykjavík.is, e.d).
- Hlutverk fagfólks á vettvangi frítímans
  - Fagfólk reynir eftir bestu getu að byggja starfið út frá væntinum og þörfum þeirra sem sækja það (Bevan, o.fl., 2023).
  - Fagfólk er jafn aðgengilegt öllum sem sækja starfið án þess að gera upp á milli þeirra (Fortune og Gallant, 2023; Eick, o.fl., 2025).
  - Fagfólk reynir eftir bestu getu að að skapa traust samband við þátttakendur, eiga í jafningjasamskiptum og veita handleiðslu við ákvörðunartöku (Eriksen og Seland, 2021; Jones og Deutsch, 2011).
  - Fagfólk stendur þétt við bakið á þátttakendum í nýjum og krefjandi aðstæðum þar sem markmið þeirra er stíga út fyrir eigin þægindaramma (Silver, 2011).

# Aðferð rannsóknarinnar

- Tvö tímabil rannsóknarinnar og gögn þeirra
  - Ungmennaskiptatímabilið – apríl til ágúst 2024
    - Minningar af liðnum atburðum og samtölum, ljósmyndir, Facebook-færslur og tölvupóstar
  - Megin greiningartímabilið – janúar 2025
  - Rannsóknar- og minningardagbók, tímalína ungmennaskiptaverkefnisins og fyrsta djúpgreining á niðurstöðum
- Þátttakendur rannsóknarinnar
  - Ég sjálf en ég rannsakaði upplifun mína á samskiptum við:
    - Ungmennin sem tóku þátt í ungmennaskiptaverkefninu
    - Samleiðbeinendur mínir
    - Forsjáraðila ungmennana
- Greiningarstig
  - Fyrsta stigið er tímalínan – ég fór markvisst að vinna með gögn rannsóknarinnar
  - Annað stigið er minningardagbókin – ég vann með og rifjaði upp persónulegar minningar
  - Þriðja stigið er fyrsta djúpgreiningin – ég fór að skilja hvaða ávinningi rannsóknin skilaði

# Niðurstöður rannsóknarinnar

- Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að hlutverk mitt sem leiðbeinandi hafði mótandi áhrif á mig sem tómstunda- og félagsmálafræðing
- Hvernig var hlutverk mitt sem leiðbeinandi mótandi fyrir mig sem tómstunda- og félagsmálafræðingur?
  - Ég aðlagaði aðstæður að þörfum ungmenna
  - Ég lærði af samskiptum mínum við þátttakendur og samstarfsfólk
- Hvernig aðlagaði ég aðstæður?
  - Ég kynnti mér þarfir ungmennanna, skapaði traust okkar á milli og aðlagaði umhverfið að þeirra þörfum eftir bestu getu
  - Ég hvatti þau til þátttöku í hinum ýmsu verkefnum og til að stíga út fyrir sinn þægindaramma
- Hvað lærði ég af samskiptum mínum við þátttakendur?
  - Ég lærði að vera skýr í samskiptum við aðra og mikilvægi þess að upplýsa alla um komandi aðstæður
  - Ég lærði að í krefjandi aðstæðum skiptir þolinmæði og skilningur mestu máli

# Umræður rannsóknarinnar

- Hvernig fékk ég tækifæri til að eflast sem fagmaður í starfi?
  - Leiðtogahlutverk mitt efldi fagmennsku mína vegna þess að ég fékk tækifæri til að takast á við raunverulegar aðstæður, læra af þeim og efla þannig eigin fagmennsku
  - Reynslan jók sjálfsöryggi mitt í starfi og er ég tilbúin að taka slíkt verkefni aftur að mér
- Hvernig studdi ég við hinsegin ungmenni til að stíga út fyrir eigin þægindaramma?
  - Ég bjó til öruggt og inngildandi umhverfi þar sem hinseginleikanum var fagnað og traust samband skapaðist
  - Ég aðlagaði aðstæður að þörfum ungmennanna þar sem ég hvatti þau áfram að sína hugrekki og stíga út fyrir eigin þægindaramma
- Hver tel ég vera ávinningur starfendarannsókna fyrir tómstunda- og félagsmálafræðinga?
  - Ég tel starfendarannsóknir styðja fagfólk í að ígrunda eigin starfshætti, auka sjálfsþekkingu og efla faglega sjálfsmynd
  - Ég tel þær skapa tækifæri til markvissar þróunar og bætinga í starfi sem er byggða á raunverulegri reynslu

# Heimildaskrá


Bevan, B., Moroney, D. og Brown, M. (2023). *The Power of us.* https://www.niost.org/Afterschool-Matters-Fall-2023/the-power-of-us

Fortune, D. og Gallant, K. (2023). Challenging ideas of inclusion to work toward a more just future: introduction to the special issue. *Leisure (Waterloo)*, *47*(4), 527–533. https://doi.org/10.1080/14927713.2023.2253238

Eick, J., Pitcshmann, A., Schwabe, K., Schwenzer, F. og Strecker, T. (2025). *Competence development for youth work through training in the European Youth Programmes.* https://www.researchyouth.net/wp-content/uploads/2025/09/RAY-COMP_Research-Report_20212024.pdf

Eriksen, I. M. og Seland, I. (2021). Conceptualizing well-being in youth: The potential of youth clubs. *Young (Stockholm, Sweden)*, *29*(2), 175–190. https://doi.org/10.1177/1103308820937571

Jones, J. N. og Deutsch, N. L. (2011). Relational strategies in after-school settings: How staff–youth relationships support positive development. *Youth & Society*, *43*(4), 1381-1406. https://doi.org/10.1177/0044118X10386077

Macfarlane, S. og Mackie, A. (2025). Youth work, informal education and LGBTQ+ youth. *International Journal of LGBTQ+ Youth Studies*, 1–27. https://doi.org/10.1080/29968992.2025.2593444

Reykjavík.is. (e.d.). *Hinsegin félagsmiðstöðin*. https://reykjavik.is/hinsegin-felagsmidstodin

Silver, D. (2011). Using the "Zone" to help reach every learner. *Kappa Delta Pi Record*, *48*(1), 28-31. https://www.proquest.com/docview/903978557?pq-origsite=primo&searchKeywords=comfort%20zone%20and%20youth%20work&sourcetype=Scholarly%20Journals

Æskulýðslög *nr. 70/2007*



# Meistaranám í tómstunda- og félagsmálafræði

- Fjögur kjörsvið
  - Samskipti og forvarnir (120e)
  - Forysta á vettvangi frítímans (120e)
  - Félags- og tilfinningahæfni í skóla- og frístundastarfi (60e)
  - Undir berum himni: Útifræði og hagnýt útimenntun (60e) - NÝTT
- **Öll kjörsvið eru í boði sem viðbótarpróf, 60e og umsóknarfrestur er 15. apríl og 5. júní**
- Hægt er að halda áfram úr kjörsviði yfir í meistaranám


Hvar er þetta?

# Undir berum himni (60e)

## Kjörsvið: Undir berum himni: Útifræði og hagnýt útimenntun (Námskeið ársins 2026-2027)

| Fyrsta ár | | |
|---|---|---|
| Haust | Vor | Sumar |
| Ⓢ TÓS101F Reynslunám, útimenntun og lífsleikni 10e<br>Ⓢ TÓS007M Inngangur að áhættu- og öryggistjórnun 5e<br>Ⓑ TÓS301F Sterkir hópar: Samkennd, samvinna og liðsheild 10e<br>TÓS102F Tómstundafræði og forysta 10e | Ⓑ TÓS202F Samstarf um farsæld barna í frístunda- og skólastarfi 5e<br>MVS210F Siðfræði og samfélag 5e | Ⓢ TÓS001M Staðartengd útimenntun 10e<br>Ⓑ TÓS004M Ævintýri, forysta og ígrundun: Undir berum himni 5e<br>TÓS003M Eldur og ís – náttúruöflin, nám og upplifun 5e |

Skyldunámskeið: 25 einingar
Bundið val: 20 einingar
Frjálst val af lista: 15 einingar



## Kjörsvið: Undir berum himni: Útifræði og hagnýt útimenntun (Námskeið ársins 2026-2027)

| Fyrsta ár | | |
|---|---|---|
| Haust | Vor | Sumar |
| Ⓢ TÓS101F Reynslunám, útimenntun og lífsleikni 10e<br>Ⓢ TÓS007M Inngangur að áhættu- og öryggistjórnun 5e<br>Ⓑ TÓS301F Sterkir hópar: Samkennd, samvinna og liðsheild 10e<br>TÓS102F Tómstundafræði og forysta 10e | Ⓑ TÓS202F Samstarf um farsæld barna í frístunda- og skólastarfi 5e<br>MVS210F Siðfræði og samfélag 5e | Ⓢ TÓS001M Staðartengd útimenntun 10e<br>Ⓑ TÓS004M Ævintýri, forysta og ígrundun: Undir berum himni 5e<br>TÓS003M Eldur og ís – náttúruöflin, nám og upplifun 5e |

Skyldunámskeið: 25 einingar
Bundið val: 20 einingar
Frjálst val af lista: 15 einingar